

5. gr.

Úr sjóðnum má ekkert fé veita fyrr en hann er orðinn 2000 — tuttugu þúsund — krónur, en eftir að hann hefur náð þeirri fjárhæð, má árlega veita úr honum $\frac{3}{4}$ hlutum vaxtanna.

6. gr.

Stjórn Skálatúnsheimilisins stjórnar sjóðnum, en kjósa skal hún á aðalfundi sínum tvo endurskoðendur fyrir sjóðinn, ef endurskoðun reikninga hans er ekki falin löggiltum endurskoðanda.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skulu reikningar lagðir fram á hverjum aðalfundi og bornir upp til samþykktar.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta á aðalfundi stjórnar Skálatúnsheimilisins, en til þess þarf stjórnin öll að vera mætt og breytingarnar að fá samþykki $\frac{4}{5}$ allra stjórnarnefndarmanna.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forsetans á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 23. febrúar 1956.

Þorst. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 112 12. ágúst 1949, um breyting á reglugerð nr. 72 24. júní 1937, um gerð og notkun bifreiða.

124

9. apríl

Aftan við 5. málsg. 1. töluliðs 1. greinar reglugerðar nr. 112 1949 komi svo hljóðandi málsgrein:

Á leigubifreiðum til fólksflutninga, allt að 8 farþega, skal vera sérstakt merki með bókstafnum L. Merkin skulu vera réttthyrnd, 100 mm á hæð og 85 mm á breidd, úr 2 mm þykku aluminium. Stafurinn L skal vera með steinskript, svartur á lit, þrykktur í spjalðið, 45 mm á hæð og 28 mm á breidd og breidd stafleggs 7 mm, en grunnur gulmálaður. Merki þessu skal komið fyrir annað hvort aftan við skrásetningarmerki bifreiðarinnar eða fyrir miðju þess að ofan eða neðan. Um tilbúning og afhending þessara merkja gilda sömu reglur og um skrásetningarmerki bifreiða.

Reglugerðarbreyting þessi, sem gerð er samkvæmt bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, öðlast þegar gildi og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 9. apríl 1956.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.